

**3434. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,  
5. nóvember 2020 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og fundarmenn samþykkja fundargerðina í lok fundar með rafrænum hætti.

**Fyrir tekið:**

**1. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024**

Aukafundur vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021 og þriggja ára áætlun 2022 - 2024.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri, Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri og Jóhann Þórðarson endurskoðandi taka þátt í fundinum undir dagskrárliðum nr. 1 og 2.

*Bæjarráð samþykkir að fasteignaskattar ársins 2021 verði ákvarðaðir samkvæmt forsendum lífkjarasamningsins líkt og gert var vegna ársins 2020.*

*Bæjarráð samþykkir að leggja vinnuna við fjárhagsáætlunargerðina upp þannig að jafnvægi sé í tekjum og útgjöldum að teknu tilliti til fjármagnsliða. Um krefjandi verkefni er að ræða sem kallar á tiltekna hagræðingu sem útfæra þarf í nánú samstarfi við forstöðumenn. Í því sambandi þarf að veita og meta framboð þjónustu, lögboðnar skyldur sveitarfélaga o.fl.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**2. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024**

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021 (2022-2024)

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulagsö- og umhverfissviðs tekur þátt í fundinum undir þessum lið.

*Lögð fram.*

*Gert er ráð fyrir að endanlega áætlun liggja fyrir á næsta fundi bæjarráðs þann 12. nóvember nk.*

*Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri, Kristjana Helga Ólafsdóttir verkefnastjóri, Jóhann Þórðarson endurskoðandi og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs víkja af fundi.*

**3. 1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala**

Eitt tilboð barst í eignina.

Tilboðið uppfyllir ekki skilyrði skv. fundargerð bæjarráðs frá 29. október sl.

*ELA og VLJ hafna tilboði Verkfars ehf.*

*Suðurgata 108 er því áfram til sölu án sérstakra skilyrða um lágmarksfjárhæð og önnur atriði sem tilgreind voru á fundi bæjarráðs þann 29. október sl.*

*ELA og VLJ áréttu að við sölu fasteigna Akraneskaupstaðar gilda "Reglur um sölu eigna í eigu Akraneskaupstaðar og stofnana hans" frá 23. september 2014 en reglurnar eru birtar á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Til viðbótar vegna Suðurgötu 108 gilda sérstakar kvaðir um viðhald, kauprétt og forkaupsrétt sbr. samþykkt bæjarráðs frá 14. maí sl. á fundi nr. 3418 (samþykkt 2:1 (ELA/VLJ: RÓ á móti)).*

*RÓ er á móti sölu eignarinnar og leggur fram eftirfarandi bókun:  
Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins áréttar fyrri afstöðu sína í málinu og er því mótfallin að húsið verði selt. Þykir bæjarfulltrúanum miður að ákvörðun um að rífa húsnæðið og úthluta lóðinni að nýju hafi verið snúið við af bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar og Framsókn og frjálsum.  
Rakel Óskarsdóttir (sign)*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10.**